

Áfangalýsing.

Heiti áfanga: **NORS2BB05**

Staða áfanga: NORS2BB05 er annar áfangi í norsku á menntaskólastigi, að loknum NORS2AA05, samkvæmt. Áfanginn er undanfari NORS3CC05.

Norska er kennslumálið í öllum áföngunum.

Stutt lýsing á áfanganum: Nemendur eru þjálfaðir áfram í ritun, lestri, gagnrýnni hugsun og rökræðu. Farið verður dýpra í ritun ólíkra texta. Áfram er lögð áhersla á að byggja upp virkan og óvirkan orðaforða nemenda, með lestri og samtali. Lestur styttri bókmennta- og nytjatexta á norsku, áframhaldandi undirstöðupjálfun í bókmennta- og textagreiningu er einnig hluti af þessum áfanga, en auk þess velja nemendur sér texta til greiningar: 2-3 ljóð, 2-3 smásögur, skáldsögu eða leikrit. Heimalestur er afar mikilvægur!

Nokkur lykilmarkmið áfangans: Að nemendur geti

- notað orðabækur sér til gagns, (t.d. www.ordbokene.no)
- notað norsku sem vinnumál í kennslustundum,
- sagt frá lesnum texta, tekið þátt í samræðum og tjáð sig með viðeigandi orðalagi og rökfærslu,
- notað orðaforða og hugtök sem unnið hefur verið með í námsefninu, í nýju samhengi,
- notað gagnrýna hugsun til að fjalla um nytjatexta/bókmenntir, munnlega og skriflega,
- skrifað lengri texta með greiningu á ljóðum, smásögum, skáldsögu eða leikriti,
- tjáð sig skriflega á skapandi hátt, t.d. í formi ljóðs, smásögu, ávarps, eða ræðu.

Námsmat: Í kjarnaáföngunum NORS2AA05 og NORS2BB05 byggist námsmatið á vinnuframlagi nemenda á önninni: heimalestri/undirbúningi, virkri þátttöku í tímum, skriflegum verkefnum, hlutaprófum og lokaprófi.

Målet med norskundervisning i videregående skole er å:

- forbedre elevenes språklige kompetanse ved a øke deres ordforråd gjennom diverse øvinger og lesning af ulike teksttyper,
- øve grammatiske strukturer,
- utvide deres evne til å uttrykke seg både muntlig og skriftlig,
- gi elevene nærmere innsikt i norsk litteratur og det norske språkets utvikling i det norske samfunnet i dag, og i landets historie,
- vedlikeholde og bygge ut elevenes språkkunnskaper for å klare seg i nordiske samfunn og gi dem anledning til å oppleve, bli engasjert, undre seg og få innsikt i andre menneskers tanker og livsbetingelser.